

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris o.fl.). 269. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 21. nóvember s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar, þar á meðal hækkun almenns frítekjumarks lífeyris. Ákvæðið er í 10. gr. frumvarpsins og LL lýsa yfir fullum stuðningi við þessa hækkun, enda hafa lengi heyrst nokkuð háværar gagnrýnisraddir á skarpar tekjutengingar almannatrygginga.

Í þessu samhengi vilja LL koma því á framfæri að ýmis rök styðja þá nálgun að sérstakt frítekjumark atvinnutekna taki til greiðslna eftirlauna úr lífeyrissjóðum sem er mun hærra en hið almenna frítekjumark. Eftirlaunagreiðslur lífeyrissjóða hafa myndast með vinnuframlagi sjóðfélaga og eru í eðli sínu frestun atvinnutekna. Því væri sanngjarnt að veita sjóðfélögum sem komnir eru á eftirlaun færi á að nýta frítekjumark atvinnutekna á lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum.

Mikilvægt er að sjóðfélagar sjái hag sinn í að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð og því brýnt að þeir fái notið ríflegs frítekjumarks.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri